

# STJÓRNARTÍÐINDI B 14 – 1991

---

21. mars 1991

269

Nr. 126

## REGLUGERÐ

**um afnám banns við línuveiðum í sunnanverðum Faxaflóa.**

1. gr.

Frá og með 22. mars 1991 er felld úr gildi reglugerð nr. 425, 30. október 1990 um bann við línuveiðum í sunnanverðum Faxaflóa.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 21. mars 1991.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Pórður Eyþórsson.*

21. mars 1991

Nr. 127

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 474 2. desember 1990, um grásleppuveiðar.**

1. gr.

Eftir 1. mgr. 7. gr. bætast við eftirfarandi málsgreinar:

Sé einn maður á báti, er óheimilt að eiga fleiri en 100 grásleppunet í sjó.

Séu tveir menn í áhöfn, skulu eigi fleiri en 200 net í sjó.

Aldrei er heimilt að eiga fleiri en 300 net í sjó.

Takmörkun þessi á netafjölda miðast við 60 faðma ófellda slöngu.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 21. mars 1991.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Pórður Eyþórsson.*